

Reykjavík, 29.02.2024
ÍLS/

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd
Nefndasvið Alþingis við Austurvöll
101 Reykjavík

Efni: Efni: Umsögn vegna frumvarps um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998

Vísað er til erindis, dags. 15. febrúar 2024, þar sem boðið var upp á að gera umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 (geymsla koldíoxíðs), 689. mál.

Fyrir hönd Eignarhaldsfélagsins Carbfix ohf., Carbfix hf., Orkuveitu Reykjavíkur (OR) og Orku náttúrunnar ohf. (ON) (saman nefnd Orkuveitan), er upplýst að félögin geri ekki athugasemdir við frumvarpið og leggja til að það verði samþykkt í þeirri mynd sem það er lagt fram. Líkt og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er um endurflutt mál að ræða. Svo sem fram kom í umsögn Orkuveitunnar á fyrra þingi, dags. 14. apríl 2023, þegar málið var flutt er því fagnað að löggjöf um geymslu koldíoxíðs sé skýrð betur og þær breytingar sem lagðar eru til eru taldar vera til bóta. Að öðru leyti er vísað til fyrri umsagnar Orkuveitunnar og þær fyrirliggjandi umsagnir sem vísað var til í greinargerð með frumvarpinu sem lagt var fyrir fyrra þing að teknu tilliti þó til þeirra athugasemda sem fram koma í sameiginlegu bréfi sem bæði Carbfix og ON áttu aðild að, dags. 21. nóvember 2023.

Sem fyrr telur þakkar Carbfix og OR samstæðan þann stuðning sem íslensk stjórnvöld hafa veitt alveg frá því að niðurdælingarverkefni innan Orkuveitunnar hófust. Undirrituð og sérfræðingar Orkuveitunnar eru reiðubúin og fús að veita Alþingi allar þær upplýsingar sem kann að vera þörf á vegna meðferðar málsins.

Virðingarfyllt,



Íris Lind Sæmundsdóttir
Lögmaður